



HVERSU GOTT ER AÐ GANGA Í HVERFINU ÞÍNU?

Gangið með barninu og komist að því

Allir hafa gott af göngu. Helstu kostirnir eru: betri heilsa, hreinna loft, minni umferðarpungi og aukin umhverfisvitund. En gangan þarf að vera örugg og auðveld. Gangið með barninu og notið gátlistann til að ganga úr skugga um hvort hverfið sé gönguvænt. Hafið í huga að hægt er að finna lausn á flestum vandamálum.



Í upphafi:

Fyrst þarf að velja leið, t.d. leiðina í skólann, heim til vinar eða vinkonu eða á frístundasvæði.

Næsta skref er gátlistinn. Lesið listann yfir áður en lagt er af stað. Í göngunni er merkt við það sem betur má fara. Í lok gönguferðar er einkunn gefin við hverja spurningu.

Leggið tölurnar saman til að fá heildarmat á gönguferðina. Þegar gangan hefur verið metin og vandamálin skilgreind er næsta skref að finna út hvað hægt sé að gera til að bæta umhverfið.

Tillögur að lausnum eru á síðu 3.





Farðu í gönguferð um hverfið og notaðu þennan gátlista til að meta hversu vænlegt það er til göngu.

Hvar var gengið _____



1. Var svigrúm til að ganga?

- Já Nokkur vandamál:
- Gangstéttar eða stígar enduðu allt í einu
 - Gangstéttar brotnar eða sprungnar
 - Staurar, merki, gróður, ruslatunnur o.fl. var fyrir
 - Engar gangstéttar, stígar eða vegbrúnir
 - Of mikil umferð
 - Annað: _____

Hvar voru vandamálin: _____

Einkunn: (Dragið hring um eina tölu)

1 2 3 4 5 6

2. Var auðvelt að fara yfir götur?

- Já Nokkur vandamál:
- Göturnar of breiðar
 - Biðum of lengi við gönguljósín/græna ljósið lífið of stutt
 - Gangbrautir vantaði og/eða umferðarmerki
 - Kyrrstæðir bílar byrgðu sýn á umferð
 - Tré eða gróður byrgðu sýn á umferð
 - Skábrautir (hallandi gangstéttarbrúnir) fyrir hjól og hjólastóla vantaði eða þörfuðust lagfæringar
 - Annað: _____

Hvar voru vandamálin: _____

Einkunn: (Dragið hring um eina tölu)

1 2 3 4 5 6

3. Höguðu öikumenn sér vel?

- Já Nokkur vandamál. Öikumenn...
- Bökkðu út úr innkeyrslum án þess að líta í kringum sig
 - Stoppuðu ekki fyrir gangandi vegfarendum við gangbrautir
 - Stoppuðu of nálægt gangbrautunum
 - Óku of hratt
 - Gáfu í til að ná ljósum eða óku yfir á gulu/rauðu ljósi?
 - Annað: _____

Hvar voru vandamálin: _____

Einkunn: (Dragið hring um eina tölu)

1 2 3 4 5 6

4. Var auðvelt að fara eftir öryggisreglum?

Gast þú og barnið þitt...

- Já Nei Farið yfir á gangbrautum eða þar sem þið sáuð bílana og öikumenn sáu ykkur?
- Já Nei Stöðvað og horft til beggja hliða áður en farið var yfir götur?
- Já Nei Gengið á gangstéttum eða vegbrúnum á móti umferð þar sem ekki voru gangstéttar?
- Já Nei Farið yfir á ljósum?

Hvar voru vandamálin: _____

Einkunn: (Dragið hring um eina tölu)

1 2 3 4 5 6

5. Var gönguferðin skemmtileg?

- Já Það sem var leiðinlegt:
- Vantaði meira gras, blóm og tré
 - Lausir hundar
 - Fólk sem ég var hrædd/ur við
 - Slæm lýsing
 - Margar tyggjóklessur á gangstéttunum
 - Mikið af sorpi og drasli
 - Óhreint loft vegna útblásturs bíla
 - Annað: _____

Hvar voru vandamálin: _____

Einkunn: (Dragið hring um eina tölu)

1 2 3 4 5 6

Hvernig kemur hverfið þitt út?

Leggðu saman.

1. _____
 2. _____
 3. _____
 4. _____
 5. _____
 Alls _____

26-30 Til hamingju! Frábært hverfi til gönguferða.

21-25 Smá hrós! Hverfið þitt er frekar gott.

16-20 Allt í lagi en margt má laga.

11-15 Þarfnast mikilla úrbóta. Þið eigið betra skilið.

5-10 Varla fært til gönguferða!



Betri gönguferðir í hverfinu...

Núna þekkirðu vandamálin.
Hér eru tillögur að úrbótum:

1. Var svigrúm til að ganga?

Gangstéttar eða stígar enduðu allt í einu
Gangstéttar voru brotnar eða sprungnar
Hindranir á gangstéttum
Engar gangstéttar, stígar eða vegbrúnir
Of mikil umferð

Það sem þú og barnið þitt
getið gert tafarlaust:

- valið aðra leið
- látið bæjaryfirvöld vita af vandálunum og afhent þeim afrit af gátlistanum

Það sem þú og aðrir hverfisbúar
getið gert með tímanum:

- tjáð ykkur á fundum
- safnað undirskriftum um betri göngu-leiðir og afhent bæjar-/borgarstjórn
- vakið athygli fjölmiðla á vandanum
- verið í samstarfi við bæjaryfirvöld um öruggari gönguleiðir

2. Var auðvelt að fara yfir götur?

Gatan of breið
Biðum of lengi við umferðarljós eða fengum ekki nógan tíma til að fara yfir
Gangbrautir/umferðarmerki vantar
Kyrrestæðir bílar, tré eða gróður byrgðu sýn á umferð
Vantaði skábrautir eða þær þörfuðust viðgerða

- valið aðra leið
- látið bæjaryfirvöld vita af vandálunum og afhent þeim afrit af gátlistanum
- snyrt tré og runna sem skaga út á götuna og beðið nágretta um hið sama
- sett skilaboð á bíla sem er illa lagt og beðið eigendur að hindra ekki gönguleið

- óskað eftir við bæjaryfirvöld að fá gangbrautir, gangbrautamerkingar, skábrautir og breytingar á bílastæðum
- sagt bæjaryfirvöldum frá bílastæðum sem skapa hættu
- sagt lögreglu frá bílum sem lagt er ólöglega
- óskað eftir að tré og annar gróður sé snyrtur
- vakið athygli fjölmiðla á vandamálinu

3. Höguðu ökumenn sér vel?

Bökkuðu án aðgátar
Stoppuðu ekki fyrir gangandi fólki
Óku nálægt göngufólki
Óku of hratt
Gáfu í til að ná ljósum eða óku yfir á rauðu ljósi

- valið aðra leið
- sýnt gott fordæmi, hægt á þér og sýnt tillitssemi
- hvatt nágrettana til hins sama
- tilkynnt ógætulegan akstur til lögreglu

- beðið um aukna löggæslu
- fengið bæjaryfirvöld í lið með ykkur um að finna leiðir til að draga úr umferð, t.d. við skóla
- beðið skólann um að fá gangbrautar-verði á hættulega staði
- skipulagt hraðakstursvakt í hverfinu

4. Gastu farið eftir öryggisreglum?

Farið yfir á gangbrautum eða þar sem þið sáuð bílana og ökumenn sáu ykkur?
Stöðvað og horft til beggja hliða áður en farið var yfir götu
Gengið á gangstéttum eða vegbrúnum á móti umferð
Farið yfir á umferðarljósum

- frætt barnið um öryggisreglur í umferðinni
- fengið foreldra í hverfinu til að skiptast á um að fylgja börnum í skólann

- hvatt skólana til að fræða um örugga gönguhætti
- hjálpað skólum að koma á verkefnum um öruggar gönguferðir
- hvatt til þess að vinnutími fyrirtækja sé sveigjanlegur svo foreldrar geti gengið með börnunum í skólann

5. Var gönguferðin skemmtileg?

Vantar gras, blóm, tré
Lausir hundar
Fólk sem ég var hrædd/ur við
Slæm lýsing
Óhreinindi, rusl
Mikil umferð

- óskað eftir að trjám og öðrum gróðri verði plantað
- beðið fólk að vera með hundana í ól
- bent barninu á hættusvæði, ákveða öruggar leiðir
- frætt barnið um mismunandi fólk
- tilkynna skort á lýsingu til bæjaryfirvalda
- farið í gönguferð með sorppoka

- valið aðra leið með minni umferð
- beðið um aukna löggæslu
- stofnað nágrettavakt
- skipulagt hreinsunardaga
- stuðlað að því að dregið verði úr umferð við gönguleiðir barna